



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Dómsmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 11. september 2023

2309004SA FHS
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögræðislögum

Vísað er til tilkynningar dómsmálaráðuneytisins í samráðsgátt stjórnvalda sem birt var 30. ágúst sl., mál 161/2023, þar sem finna mátti drög að frumvarpi til breytinga á lögræðislögum. Í frumvarpinu er að finna tiltekna breytingar til þess að tryggja lagaumhverfi þegar kemur að sviptingu lögræðis og meðferð þeirra mála fyrir dómi.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur þær breytingar sem til stendur að gera á ákvæðum lögræðislaga heilt yfir bæði mikilvægar og nauðsynlegar til þess að tryggja réttindi þeirra einstaklinga sem til greina kemur að svipta lögræði eða nauðungarvista en telur þó rétt að gera eftirfarandi athugasemdir við efni frumvarpsins:

Ein af mikilvægustu breytingunum sem gerðar eru á lögnum er breyting á orðalagi 4. og 19. gr. laganna þar sem ekki er fjallað lengur um geðsjúkdóm heldur geðröskun. Eftir breytingar á 4. gr. felst því að heimilt sé að svipta mann tímabundið lögræði ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna geðröskunar. Sambandið telur að breytingu á orðalagi að þessu leyti ekki vera til bóta enda er orðið geðröskun mun opnara og víðtækara heldur en orðið geðsjúkdómur í ákvæðinu. Þá er ekki að finna neina skilgreiningu á orðinu geðröskun í frumvarpi til laganna og virðist því sem það eigi að vera verkefni dómstóla að skilgreina orðið og þá þeirra lækna sem gefa út vottorð vegna slíkra mála. Ekki er að finna skilgreiningu á orðinu í íslenska lagasafninu. Eina skilgreiningin sem finna má í opinberum skjölum er eftirfarandi skilgreining sem finna má í skýrslu félagsmálaráðuneytisins frá október 2006 um þjónustu við geðfatlað fólk sem aðgengileg er á vefsíðu velferðarráðuneytisins¹:

„Með öðrum orðum má afmarka geðröskun gróflega sem svo að einstaklingur búi við andlega líðan eða ástand sem skerðir möguleika hans til lífsgæða, tilfinningalegra og/eða félagslegra samskipta, þátttöku í námi eða starfi eða virkni í samfélaginu að öðru leyti.“

Þessi skilgreining er afar víðtæk og segir manni í raun mun minna heldur en ef núverandi orðalag laganna yrði lagt til grundvallar, þannig að áfram yrði talað um geðsjúkdóm. Sambandið telur mikilvægt að taka þetta orðalagt til enn frekari skoðunar með hliðsjón af fyrirhugaðri lögfestingu samnings SP um réttindi fatlaðs

¹https://www.velferdarraduneyti.is/media/gedfatladir/Thjonusta_gedfatladir_new_w_st.pdf

fólks. Í stað þess að einblína á ýmsar tegundir ástands sem eitt og sér hefur ekki þau áhrif að viðkomandi eigi að vera sviptur lögræði, mætti snúa ákvæðinu við þannig að til greina komi að svipta einstaklinga lögræði þegar slíkt er nauðsynlegt vegna þess að einstaklingurinn er ófær um að fara með eigin hagsmuni eða fjármuni. Ekki sé sérstaklega nauðsynlegt að telja upp mismunandi tegundir ástands sem geti valdið slíku í lagatextanum. Telur sambandið óþarft að hafa þessa upptalningu í a-lið 4. gr. laganna og mögulegt sé að það brjóti í bága við ákvæði sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks, þar sem talað er um andlegan vanþroska, geðsjúkdóm/geðröskun.

Í ljósi þess að eitt af markmiðum breytinga á lögræðislögum er að uppfylla samning SP um réttindi fatlaðs fólks, sem til stendur að lögfesta, er jafnframt nauðsynlegt að benda á að mögulega uppfylla núgildandi ákvæði laganna ekki 4. mgr. 12. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks en í ákvæðinu felst að allar ráðstafanir um skerðingar á nýtingu löghæfis „gildi í skemmsta mögulega tíma og séu endurskoðaðar reglulega af til þess bæru sjálfstæðu og óháðu yfirvaldi eða dómstóli“. Fyrir liggur að með lögum 84/2015 voru gerðar ákveðnar breytingar á lögræðislögum sem fólust meðal annars í því að ekki var lengur heimilt að svipta einstakling lögræði ótímabundið og er í dag eingöngu heimilt að svipta einstakling lögræði tímabundið. Þrátt fyrir það þá er hvorki að finna hámark tímallengdar lögræðissviptingar né skyldu til reglubundinnar endurskoðunar á sviptingu lögræðis. Eina ákvæðið sem felur í sér möguleika á endurskoðun tímabundinnar sviptingar lögræðis er ákvæði 15. gr. lögræðislaga, en í því felst að þeir sem átt geta aðild að lögræðissviptingarmáli geta óskað eftir endurskoðun á því fyrirkomulagi sem ákveðið var. Engin skylda er til staðar til reglubundinnar endurskoðunar á stöðu þessara einstaklinga. Þá er í raun ekkert í lagarammanum sem kemur í veg fyrir að einstaklingur sé dæmdur í t.d. 50 ára tímabundna sviptingu lögræðis þó framkvæmd dómstóla hingað til hafi ekki samþykkt svo langar sviptingar. Nauðsynlegt er að benda á þetta svo kanna megi framkvæmd annarra landa við innleiðingu og lögfestingu sáttmálans svo gera megi viðeigandi breytingar á lögræðislögum.

Að endingu vill sambandið benda á umsögn sem gerð var af hálfu sambandsins vegna mála nr. 99/2022 og 100/2022 sem vörðuðu öryggisþjónustu, en þar kom fram²:

c. Breyting á lögræðislögum og hugsanlega öðrum lögum

Fram kemur bæði í drögum að stefnu og drögum að frumvarpi að mikilvægt sé að breyta lögræðislögum og hugsanlega öðrum lögum svo hægt sé að dæma einstakling sem hefur notið þjónustu sveitarfélags á grundvelli laga nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir til öryggisvistunar á grundvelli lagaheimildar. Hér er átt við aðstæður þar sem einstaklingur er talinn hættulegur sér og/eða öðrum en hefur ekki hlotið dóm á grundvelli almennra hegningarlaga og almenn úrræði hjá sveitarfélögum eru ekki fullnægjandi til að tryggja öryggi viðkomandi og/eða annarra. Sambandið leggur höfuðáherslu á að vinna við umrædda lagabreytingu hefjist strax því það er ekki síður mikilvægt að búa til tryggt lagaumhverfi í þessum málum líkt og í málum þar sem dæmt er á

grundvelli almennra hegningarlaga. Í markmið/aðgerðaáætlun 2022-2026 er ekki sérstaklega vikið af þessari lagabreytingu en líklega fellur hún undir verkefni d: Endurskoðun annarra laga í kafla 3, Aðgerðaflokkur: Lög um öryggisþjónustu á Íslandi.

Sambandið leggur til að aðgerðaáætlun varðandi þetta mál verði hnitmiðaðri og að verkefni d verði svohljóðandi:

Verkefni d: Endurskoðun lögræðislaga sem og annarra laga.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið í samráði við dómsmálaráðuneytið

Tímarammi: 1. desember 2022“


Sambandið kannast ekki við að hafin sé undirbúningur að lagabreytingum til þess að koma til móts við ofangreinda umsögn, sem nauðsynlegt sé til þess að tryggja heimildir sveitarfélaga við þær aðstæður sem vísað er til hér að ofan.

Sambandið styður að öðru leyti þær breytingar sem gera á, á lögræðislögum enda er markmið þeirra að tryggja réttindi þeirra sem beita þarf þeim ráðstöfunum sem í lögnum eru og tryggja að málsmeðferð þeirra sé í tryggum farvegi, bæði þegar ákvörðun um sviptingu lögræðis eða nauðungarvistun er tekin og ekki síður eftir að ákvörðun hefur verið tekin.

Lýsir sambandið sig tilbúið til frekara samráðs vegna málefnisins, sé þess óskað af hálfu ráðuneytisins.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs